


FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 30. nóvember 2017 | 43. töl. 15. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI



Vantar allar gerðir eigna á söluskrá!

Hafið samband við sölumenn okkar.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983



Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN

Dalshrauni 5
Opið kl. 8-17 virka daga

Litla Gæludýrabúðin
Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666

FJÖRÐUR

Jólagleði
Opið til 22 Fös. 1. des.
Endalaus gleði og jólastemning og þú getur gert frábær kaup í leiðinni

Stanslaus dagskrá frá kl. 19:00

ROUTE1.IS
CAR RENTAL

VETRARLEIGA
Langtímaleiga í 1-9 mánuði september til maí
Hagstæð kjör!
Verð frá 39.900 kr. pr. mán.!
Bæjarhrauni 24 | 565 3615
www.bilaleigur.is

Súrdeigsbrauðin okkar eru alvöru

- ◆ Heilkorna
- ◆ 100% spelt
- ◆ Sykurlaus
- ◆ Gerlaus
- ◆ Ólíulaus

Jón Arnláus
KÖKULIST



Kökulist, verslunarmiðstöðinni Firði

Farðu ekki langt eftir jólagjöfunum

Jólagjafahandbókin
fylgir blaðinu í dag!

Bilaverkstæði Högna

Allar almennar bilaviðgerðir
Hjólástillingar

Trönuhrauni 2

(Hjallahraunsmegin)
sími 555 2622

Skoðaðu úrvalið á www.as.is

Fagrabergr 12



Glæsileg 250,4 m² 5-6 herbergja (4-5 svefnh.) efri sérhæð og bílskúr. Frábær staðsetning innst í botnlangagötu.
Verð 82,5 m.kr.

Brekkúás 3



Glæsileg 84,6 m² 2ja herbergja íbúð með sér verönd í lyfthúsi. Sérinnangangur af svölum.
Verð 39,9 m.kr.

Traðarberg 5



70,6 m² 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér verönd með skjólveggjum.
Verð 31,9 m.kr.



Stofnuð 1988

Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | www.as.is



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarahúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066, fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarahúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 3. desember

Hátíðarmessa og sunnudagaskóli kl. 11

Kveikt á fyrsta aðventukertinu.

Þjóðbúningafélagið Annríki heimsækir kirkjuna. Félagar úr Barbörúkórnum syngja

Syngjandi jól í Hafnarborg

Barna- og unglíngakór
Hafnarfjarðarkirkju syngur kl. 12.40.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Fríkirkjan

í Hafnarfirði

Fyrsti sunnudagur í aðventu:

Sunnudagaskóli kl. 11

Aðventuhátíð með fermingarbörnum og foreldrum kl. 13

Allir velkomnir.

Jólafundur Kvenfélagsins kl. 20

Fundurinn er að þessu sinni í Hásölum,
safnaðarheimili Þjóðkirkjunnar.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



leiðarinn

Það fer vonandi að stytast í hugmyndasamkeppni um nýtt skipulag miðbæjarins í Hafnarfirði. 17 ára skipulag er löngu úrelt og er búið að marg staga með breytingu við næstum hverja breytingu á húsi í miðbænum. Verslun og þjónusta í miðbænum líður fyrir andvaraleysi í skipulagi miðbæjarins og þá nauðsyn að hnitmiðað og markmiðasett skipulag sé til staðar til að miðbærinn geti eflst sem verslunar- og þjónustukjarni fyrir Hafnfirðinga og staður þar sem íbúar vilja sækja menningu og gleði.

Í dag eru langir hlutar Strandgötunnar með lokuðum hliðum eins og í húsi Íslandsbanka þar sem eðlilegra væri að sjá a.m.k. tvær verslanir auk bankans enda gæti bankinn frekar nýtt viðbótarrými á efri hæðum. Stjórnmalaflokkar taka dýrmaett verslunarrými og jafnvel heildsölur hafa hreidrað um sig í verslunarrýmum. Íbúar hafa komist upp með það að mótmæla komu veitingastaða þó skipulag geri ráð fyrir slíku.

Það verður ekki fyrr en Strandgatan frá Lækjargötu að Reykjavíkurvegi verður orðin að lifandi göngugötu með mun fjölbreyttari þjónustu að Hafnfirðingar fara að snúa sér að sínum eigin miðbæ. Til að byggja upp lifandi miðbæ þarf kjark og þor. Skammtímahagsmunir lóðarhafa eða braskara eiga ekki að ráða hvernig byggðin verður.

Í dag er Jóláporpið á litlu afmörkuðu svæði á Thorsplani og aðeins opið um helgar. Mikið hlakka ég til þegar Strandgatan verður orðin ein Jólágata þar sem verslunareigendur í miðbænum verða kjarni þeirra sem reka litlu jólahúsin.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Boðunarkirkjan

Álfaskeiði 115 | sími 555 7676

www.bodunarkirkjan.is

Prestur og forstöðumaður:
Steinþór Þórðarson sími 849 9584

Samkomur alla laugardaga kl. 11
Veitingar eftir samkomu



Á Útvarpi Boðun FM 105,5 er
Bibliufræðsla allan sólarhringinn



Víðistaðakirkja

1. sunnud. í aðventu, 3. des.

Sunnudagaskóli kl. 11

Fjölbreytt dagskrá fyrir börn á öllum aldri.

Kveikt á fyrsta aðventukertinu!

Aðventuhátíð kl. 17

Fjölbreytt dagskrá. Fram koma:

Lilja Guðmundsdóttir sópran

Kór Víðistaðasóknar

Barnakór Víðistaðakirkju

Helga Þórdís Guðmundsdóttir.

Ræðumaður:

Pétur Magnússon, forstjóri Hrafnistu

Fjáröflun kirkjukórs á eftir:

Létt hlaðborð gegn vægu gjaldi.

Ath! Ekki posi á staðnum.

Verið velkomin!

www.vidistadakirkja.is



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 3. desember

Fyrsti sunnudagur í aðventu

Messa kl. 11

Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Keiths Reed.
Prestur er sr. Kjartan Jónsson.

Sunnudagaskóli á sama tíma
í umsjá Hólmfríðar S. Jónsdóttur.

Laugardagur 3. desember

Leikrit um Lúther kl. 16

Stoppaleikhópurinn sýnir nýtt leikrit um Lúther.
Valgeir Skagfjörð, Eggert A. Kaaber og Katrín Þorkelsdóttir fara með hlutverk í sýningunni.

Allir eru hjartanlega velkomnir á sýninguna en
fermingarbörn og fjölskyldur þeirra eru boðin
sérstaklega velkomin.



www.astjarnarkirkja.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristin Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

guðni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

Vilja kæra Garðabæ

Samráðsleysi Garðabæjar í skipulagsmálum

Skipulags- og byggingarráð hefur falið umhverfis- og skipulagsþjónustu að leggja fram drög að kæru á Garðabæ á næsta fundi vegna breytinga á skipulagi.

Tengist málið m.a. lokun á gamla Álftanesvegi við Herjólfsbraut og ákvæði í nýju aðalskipulagi um vegtengingu við Setbergshverfi.


Í bréfi Þormóðs Sveinssonar skipulagsfulltrúa Hafnarfjarðarbæjar dags. 22. nóvember sl. til skipulagsstjórans í Garðabæ segir m.a. að í aðalskipulaginu sé gert ráð fyrir hefðbundinni lágrestri byggð frá Svínsholti að Setbergshamri þar sem gert er ráð fyrir tengiveg inn í Setbergshverfið í Hafnarfirði auk þess að gert sé ráð fyrir verslunar- og þjónustusvæði sem liggja upp að íbúðahverfi í Hafnarfirði.

Þá er bent á að stofnvegatenging milli Reykjanesbrautar og Reykjavíkurveggar geri ráð fyrir einni vegtengingu inn á Flatahraun. Telur skipulagsfulltrúi að þar þurfi að skoða nánar m.a. í ljósi þeirra breytinga sem vænta má á iðnaðarsvæðunum í Hafnarfirði.

Gerð er athugasemd við að gert er ráð fyrir talsverðri íbúðabyggð að norðanverðum mörkum Hafnarfjarðar og gert ráð fyrir tengibraut inn á Herjólfsbraut. Segir í bréfinu að ekki verði séð nein skynsamleg rök fyrir þessari uppbygg-

ingu að teknu tilliti til þeirra megin umferðaræða sem tillagan að aðalskipulag gerir ráð fyrir.

Telur bréfitari einnig að ósamræmi sé á milli auglýstrar deiliskipulags-



Gula örin bendir á Holtaberg en rauða línan ný vegtenging frá Garðabæ.

breytingar frá 7. september sl. er varðar Garðahraun. Er þar m.a. átt við legu Herjólfsbrautar og skilgreiningu á vegstæði.

Það er hin umdeilda breyting sem íbúi í Hafnarfirði hefur þegar kært en breytingin veldur því að t.d. íbúar Garðabæjar í Boðahlein og Naustahlein þurfa að aka 2 km lengra til að komast í miðbæ Garðabæjar - eða aka í gegnum íbúðagötur í Hafnarfirði.

Velkomin í

Jólaþorpið

í Hafnarfirði

Opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 12-17

Opnunarhátíð föstudaginn 1. desember kl. 18-21

18:00 Lúðrasveit Hafnarfjarðar
18:15 Karlaakórinn Prestir
18:30 Laddi tendrar ljósin á jólatrénu
18:45 Jón Jónsson tekur lagið

Laugardagurinn 2. desember

10:40-15:40 Syngjandi jóla í Hafnarborg

14:00 Kvennakór Hafnarfjarðar
14:30 Jóhanna Guðrún og Davíð Sigurgeirsson
15:00 Risavaxinn jólasveinn ferðast um jólaþorpið

15:00 Ljósin á Cuxhaven-jólatrénu verða tendruð við Flensborgarhöfn. Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur jólalög, leikskólabörn af Bjarkalundi syngja, jólasveinar verða á ferðinni og fulltrúar vinabæjarfélagsins í Cuxhaven og þýski sendiherrann á Íslandi tendra jólaljósin.

Sunnudagurinn 3. desember

13:30 Sveinn Sigurjónsson með nikkuna
14:00 Jólabjöllurnar
14:30 Jónsi - Jón Jósep Snæbjörnsson
15:00 Jólaball með Skoppu og Skritlu og ballerínunum úr Listdansskóla Hafnarfjarðar



grafika

AUGLÝSINGASTOFA
GUÐRÚNAR ÖNNU

Fagleg hönnun: Vefsíður,
bannerar, facebook,
auglýsingar, lógó, skilti,
bílamerkingar, bæklingar.

Áralöng reynsla
af markaðssetningu.
www.grafika.is Sími 896 1896



Nánar á jolathorpid.is



Burger*inn

Flatahrauni 5a Sími: 555 7030 www.burgerinn.is

BURGERINN BERNES 2.295 kr.

(Eggjaðu upp, flottur hangover burger) kr.200
110 gr ungnautakjöt / Ostur / Beikon / Sveppir /
Bearnaisesósa / Iceberg / Rauðlaukur / Tómatar.
Borinn fram með frönskum. Bearnaisessósa fylgir.

ALVÖRU OSTBORGARI 1.890 kr.

110 gr ungnautakjöt / Tvöfaldur ostur / Burgersósa /
Iceberg / Rauðlaukur / Tómatar / Paprika / Gúrka.
Borinn fram með frönskum.

BEIKONBORGARI 2.095 kr.

110 gr ungnautakjöt / Ostur / Beikon / Burgersósa /
Iceberg / Rauðlaukur / Tómatar / Paprika / Gúrka.
Borinn fram með frönskum.

JOHN WAYNE 2.390 kr.

200gr ungnautakjöt / Ostur / Beikon / Iceberg /
Tómatar / Laukur / Burgersósa.
Borinn fram með frönskum.

BBQ SPECIAL 1.890 kr.

110 gr ungnautakjöt / Ostur / BBQ sósa /
Sýrðar gúrkur / Paprika / Iceberg.
Borinn fram með frönskum.



BIG BEN 2.195 kr.

2 x 90 gr ungnautakjöt / Tvöfaldur Ostur /
Paprika / Burgersósa / Iceberg / Laukhringir.
Borinn fram með frönskum.

BURGER MEXICANA 1.895 kr.

110 gr ungnautakjöt / Ostur / Laukhringir /
Chili majónes / Nachos / Jalapeno í tempura /
Ranch sósa. Borinn fram með frönskum.

GORDON BLUE 1.995 kr.

110 gr ungnautakjöt með Gráðosti / Skinku /
Sveppum / hvítlaukssósu / Iceberg.
Borinn fram með frönskum.

KJÚKLINGABORGARI 1.995 kr.

Grillað úrbeinað kjúklingalæri / Ostur / Ranch sósa /
Iceberg / Tómatar / Rauðlaukur / Jalapeno í tempura.
Borinn fram með sætum kartöflum.

**FRÍTT COKE ÚR VÉL
MEÐ ÖLLUM HAMBORGARAMÁLTÍÐUM**

Stórtónleikar í bílageymslu

Bílageymsla Björgunarsveitarinnar eins og besta tónleikahöll



Kór Flensborgarskóla, Lúðrasveit Hafnarfjarðar og Flensborgarkórinn, kór eldri nemenda, fóru óhefðbundna leið að tónleikastað fyrir stórtónleika sína. Fyrir valinu varð bílageymsla Björgunarsveitar Hafnarfjarðar, gríðar-

stórt rými sem hljómar vel fyrir kóra og lúðrasveit.


Kór Flensborgarskóla hefur ávallt staðið fyrir sínu enda undir öruggri stjórn Hrafnhildar Blomsterberg og svo var einnig nú. Báðir kóranir sungu

Enginn venjulegur tónleikasalur sem venjulega er fullur af tækjum.

sæjust varla þar sem þeir voru ekki uppi á palli, þá hljómaði sveitin því mun betur. Á köflum mátti halda að heil sinfóníuhljómsveit væri í salnum sem léki undir kröftugum söng kóranna. Vel heppnaðir tónleikar.



Rúnar Óskarsson stjórnadi með miklum tilþrifum.



verk sín af miklu öryggi við mjög góðar undirtektir áhorfendanna sem troðfylltu bílageymsluna.

Húsnæðið naut sín best þegar báðir kóranir sungu saman og Lúðrasveitin lék með. Þó félagar í Lúðrasveitinni



Mánaðarleiga á bílaleigubíl


Route 1 leigir út 185 bíla á Bæjarhrauninu



Sigurður Guðni Gunnarsson eigandi Route 1

Bílaleigan Route 1 á Bæjarhrauninu býður nú upp á hagstæða mánaðarleigu á bílum yfir vetrartímann. Vetrarleiga er í boði á tímabilinu frá september til maí. Þá er gerður samningur frá einum

til níu mánaða í senn. Segir Sigurður Guðni Gunnarsson, framkvæmdastjóri og eigandi bílaleigunnar að hægt sé að leigja bíla mjög hagstætt til lengri tíma. T.d. megi fá Hyundai i10 á 39.900 á



mánuði og þá þurfa leigjendur ekki að hafa áhyggjur af viðhaldi þar sem það er allt innifalið í leigugjaldi.

Segir Sigurður þetta geta verið sniðugt sem aukabíll eða bíll fyrir

Vistleg herbergin á gistiheimilinu.

Kynstrin öll

JÓLADAGSKRÁ

BÓKASAFNS HAFNARFJARÐAR

Fimmtudaginn 30. nóvember kl. 20

Upplestrarkvöld

Gerður Kristný - *Smartís*

Einar Már Guðmundsson - *Passamyndir*

Lilja Sigurðardóttir - *Búrið*

Mikael Torfason - *Syndafallið*



Við sköpum kaffihúsastemningu í samstarfi við Pallett sem sér um veitingasölu



VETRARLEIGA

Langtímaleiga í 1-9 mánuði september til maí

Hagstæð kjör!

Verð frá 39.900 kr. pr. mán.!

Bæjarhrauni 24 | 565 3615

www.bilaleigur.is

skólafólk sem veit þá nákvæmlega hver útgjöldin verða.

Sigurður stofnaði Route 1 bílaleiguna árið 2010 en hafði áður rekið fiskvinnslu í bænum. Hann byrjaði með 15 bíla en síðan hefur starfsemin eflst og nú er hann með 185 bíla og rekur einnig lítið gistiheimili á efri hæðinni á Bæjarhrauni 24 þar sem eru stór vistleg herbergi og góð eldunaraðstaða. Bílaleigan er með eigið þjónustuverkstæði þar sem minniháttar viðgerðum er sinnt og bílar þrífir.

JÓLAGLEÐI

í Samfylkingarhúsinu á Strandgötu

Verið velkomin á jólagleði Samfylkingarinnar í Hafnarfirði
mánudaginn 4. desember kl. 18.00 í húsnæði okkar að Strandgötu 43

Boðið verður upp á kaffi, kakó og smákökur.

Rithöfundar lesa upp úr bókum sínum, m.a. **Bergrún Íris Sævarsdóttir** sem mun lesa upp úr bók sinni *Elstur í bekknum*.

Rosemary Oduor mun syngja jólalög frá Kenýu.

Jólasveinn mun kíkja aðeins fyrr í bæinn til þess að koma á jólafundinn með smá í poka handa yngstu gestunum.

Hlökkum til að sjá ykkur í jólaskapi.



Mæðgur gefa út bækur

Eygló Jónsdóttir og Eyrún Ósk Jónsdóttir

Hafnirsku mæðgur Eyrún Ósk Jónsdóttir og Eygló Jónsdóttir eru báðar að gefa út bækur fyrir þessi jöl. Eyrún Ósk, sem hlaut m.a. Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar í fyrra, er með tvær bækur í ár. Unglingabókina *Ferðin til Mars* sem hún skrifaði í samstarfi við Helga Sverrisson kvikmyndagerðarmann og barnabókina *Skrímslin í Hraunlandi* sem hún gerði í samstarfi við Ölmú Björk Ástþórsdóttur.

LJÓTI JÓLASVEINNINN

Eygló er svo að gefa út sína fyrstu barnabók *Ljótí jólasveinninn*, en hún kláraði master í ritlist á árinu. Sjöfn systir hennar teiknaði myndirnar í jólasveinabókina, sem er bæði saga og litabók.

„Mamma las *Ljótí* fyrir mig þegar ég var lítill fyrir svefninn, það hefur haft sin áhrif því ég var farin að semja ljóð og skrifa sögur þegar ég var átta ára,“ segir Eyrún Ósk. „Við höfum alltaf verið mjög nánar og gátum talað um bókmenntir bara frá því að Eyrún lærði að lesa, við áttum það sameiginlegt að elska sögur og ljóð,“ bætir Eygló við.

Ljótí jólasveinninn fjallar um jólasvein sem er skilinn útundan og fær ekki að fara með bræðrum sínum til byggða af því að hann er öðruvísi en hinir. Hann þráir samt ekkert meira en að fá að gleðja litlu börnin á jölunum. Eina jólanóttina upplifir hann mikil undur og hleypur af stað út í nóttina til að deila gleðinni, af þessari nýju upp-götun sinni, með öllum öðrum lifandi verum á heidinni. „Þetta er svona falleg og spennandi jólasaga fyrir börn, þar sem börnin geta sjálf litað myndirnar,“ segir Eygló um bókina.



Ljóm: Guðni Gíslason

Mæðgur Eygló Jónsdóttir og Eyrún Ósk Jónsdóttir.

FERÐIN TIL MARS

Ferðin til Mars er svo hjartnæm, spennandi og áleitinn skáldsaga sem fjallar um unglingsstúlku sem hefur mikinn áhuga á geimnum. Í sögunni byggir hún eldflaug til að uppfylla loforð við móður sína. Mikið úr sögunni er byggt á raunverulegum atburðum, en bróðir Eyrúnar, Steinn Hliðar smíðaði eldflaug þegar hann var ungur eða fyrir um 11 árum, en það var fyrsta íslenska eldflugan sem skotið hefur verið á loft, og var henni skotið á loft á Vigdísarvöllum. „Öll hönnunin á eldfluginni sem aðalsöguhetjan býr til og eldsneytið ofl. er nákvæmlega eins og sú sem bróðir minn gerði á sínum tíma. Og hlutir sem fóru úrskeiðis hjá honum

og það sem gekk upp rataði allt í bókina. Sagan er því mjög nákvæm að þessu leyti varðandi svona vísindin sem verið er að nota.“

Þær mæðgur segjast styðja hvor aðra þegar kemur að skrifum. „Já mamma les allt yfir sem ég skrifa og ég les yfir allt sem hún er að gera, svo ræðum við oft um það sem við erum að vinna að hverju sinni og það hjálpar mikið,“ segir Eyrún. „Já og við erum duglegar að hvetja hvor aðra áfram. Ég var smá hikandi hvort ég ætti að láta slag standa og gefa út jólasveinasöguna en Eyrún hvatti mig áfram, hún er líka besta vinkona mín,“ segir Eygló að lokum.

Eyrún verður með útgáfuhóf í Eymundsson á laugardaginn.

Opið hús í „Skattstofunni“

Hafnarfjarðarbær býður í opið hús í gömlu Skattstofunni Suðurgötu 14 á morgun, föstudag kl. 15 - 17.

Nýlega festi bærinn kaup á húsinu af Ríkissjóði og í dag hýsir Skattstofan nokkur verkefni á vegum bæjarins. Á næstunni verður efnt til hugmyndavinnu um nafn og framtíðar starfssemi í húsinu.

Eitt verkefni er þó komið til vera en það er verkefnið Geitungar en verkefnið hlaut í síðustu viku svokölluð European public sector award eins og greint var frá í blaðinu sl. fimmtudag.

Boðið verður uppá veitingar og hægt verður að kaupa kakó og varning í verslun Geitunganna auk þess sem tónlist mun óma.

Vilja mat á staðsetningu knatthúss

Fulltrúar Bjartrar Framtíðar, Samfylkingar og VG óskuðu eftir því á fundi skipulags- og byggingarráðs að fenginn yrði óháður aðili, óháðra skipulagsfræðinga, sem komi með að lágmarki 3 staðsetningar innan bæjarmarkanna (íþróttavellir bæjarins eru hér undir). Tillaga að verkefnalýsingu verður lögð fram af hálfu fulltrúar Bjartrar Framtíðar, Samfylkingar og VG á næsta fundi.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks benti á að eldri starfshópur hafi talið að möguleg bygging knatthúss ætti að vera á íþróttasvæðum Hauka eða FH.

Fatnaður á góðu verði og fæðubótarefni

BodyZone opnaði fyrir tveimur mánuðum í Firði

Hafnirsku hjónin Malwina og Bartłomiej Suchecki opnuðu verslunina BodyZone í Firði fyrir tveimur mánuðum en áður höfðu þau aðeins rekið hana sem vefverslun. Í versluninni á 2. hæð í Firði eru þau með fjölbreytt úrval af fatnaði fyrir útveruna

og ræktina. M.a. annars eru þau með vinsælasta sportfatnað Póllands, 4F en Bartłomiej segir m.a. forseta Póllands oft sjást í fatnaði frá 4F sem bæði framleiðir íþróttafatnað og ýmsan útivistarfatnað. Segir hann þetta vandaðan fatnað á mjög góðu verði.



Ljóm: Guðni Gíslason



Ljóm: Guðni Gíslason

Þá bjóða þau upp á litríkar leggings frá Brasilíu, sem hafa notið mikilla vinsælda, ekki síst hjá þeim sem eru orðnir leiðir á að vera eins og allir hinir.

Þá má finna í versluninni gott úrval af alls kyns fæðubótarefnum, ekki síst fyrir þá sem eru duglegir í ræktinni.

FJARÐAR fréttir



Þú þarft ekki langt
eftir jólagjöfunum!



Jólagjafahandbókin

Perur og lampar í úrvali



Kubbaljós á 15% afslætti fram að jólum, tilvalið í jólapakkann!

OSRAM ljósaperur og ledperur í miklu úrvali.
Led ljósaborðar í öllum lengdum og stærðum



Flúrlampar ehf.
lampar.is

GJAFAKORT ÍSLANDBANKA

GÆFST ALLTAF VÆL



Gjafakort Íslandsbanka gefst alltaf vel, hvað sem er á óskalistanum. Kortið gildir í verslunum og á netinu, rétt eins og önnur greiðslukort. Það kemur í fallegum gjafaumbúðum og fæst í öllum útibúum okkar. Þú þarft í raun ekkert að gera annað en að velja upphæðina.

islandsbanki.is/gjafakort



ÚR & GULL

Firði • Miðbæ Hafnarfjarðar • Sími: 565 4666



BOSS
HUGO BOSS
watches



HM boltinn
4.990,-



Takkaskór frá 6.990,-

Allt í jólapakkann fyrir boltamanninn!



3.990,-
settið



**Músik
og Sport**

Reykjavíkurvegi 60 | Hafnarfirði | 555 2887
www.musikogsport.is



ÞVOTTHÚS/FATAHREINSUN

Hraunbrún 40

Jakki	1.700 kr.
Buxur	1.700 kr.
Skyrta	700 kr.
Kjöll	frá 2.200 kr.
Kápa	frá 2.520 kr.
Blússa	1.275 kr.
Frakki	frá 2.520 kr.
Gluggatjöld	1.700 kr./kg

Þvottur:

Heimilispvottur 5 kg, þvegið, þurrkað og brotið saman.....4.100 kr.
Stykkjapvottur 30 stykki (15 lítil og 15 stór), þvegið, þurrkað og pressað7.800 kr.

Gefum skapandi og skemmtilega upplifun í jólagjöf



Gjafabréf á málunarkvöld fást á
[www. painticeland.is](http://www.painticeland.is)



www.facebook.com/PaintIceland

Fjarðarfréttir til jóla

fimmtudaginn 7. desember
fimmtudaginn 14. desember
fimmtudaginn 21. desember
jólabláðið

Pantaðu auglýsingar í síma 565 4513
eða með pósti á gudni@fjardarfrettir.is

www.fjardarfrettir.is

Hún hring minn ber



GULLSMÍÐJAN

Gudrún Bjarnadóttir, gullsmíður

LÆKJARGATA 34 c • HAFNARFJÖRÐUR • WWW.GULLSMIDJAN.IS

Úrval af myndlistarvörum
á verði sem kemur þér þægilega á óvart



Kr. 4900.-



Trönur - Penslar - Strigi -
Málning - Blýantar - Túss -
Pappír .. og allt þar á milli

Föndurvörur
Myndlistavörur - Námskeið

Opið 13-18
Laug. 11-15

Föndurlist
Vaxandi

Strandgötu 75 | sími 553 1800 | www.fondurlist.is | Facebook



NIVEA DELIGHTFUL MOMENTS

NIVEA BEAUTIFUL MOMENTS

NIVEA ENERGY

SENSORY JOURNEY, MÖNDLU LÍKAMSKREM, BAÐ OG STURTUSÁPA



VELVET MÖNDLU LÍKAMSKREM, SÁPA OG OLÍA

JOYFUL RADIANCE VARASALVI OG MASKARI



LAVERA SNÝRTITASKA LÍKAMSSKRÚBB, SÁPA OG HANDKREM



WELEDA GJAFAKASSI GRANATEPLI



WELEDA HERRA GJAFAPOKI

GJAFAKASSI HAND & SKIN FOOD

WELEDA VARASALVI 3 Í PK.



MENS GROOMING FACE & BEARD BOX



TECHNIC ENTRANCED EYES



WINTER DREAM STURTUSÁPA, LÍKAMSKREM OG VARASALVI



TRIND NATURAL BEAUTY SET

VISA



- Tilvalið gjafakort

FK



ÍSLENSK OG LJÚFFENG
HOLLUSTA Í GJAFAKÖSSUM

**TILVALIN JÓLAGJÖF
FRÁ FYRIRTÆKJUM**

Upplýsingar í sínum 864 4755 og 822 0512
islenskhollusta@islenskhollusta.is



**Íslensk
hollusta**
-frá náttúrunnar hendi!

HÓLSHRAUNI 5 | HAFNARFIRÐI | islenskhollusta.is

Gefðu upplifun í jólapakkann

MATHÚS  BAR
VON

Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is

Jólagjöf sem allir geta notað

Gjafakort Arion banka er hægt að nota hvar sem er. Þú velur fjárhæðina, þiggjandinn velur gjöfina.

Gjafakortið fæst í öllum útibúum Arion banka.

 **Arion banki**
- fyrir framtíðina





Gledileg
GRÆJUJÓL



Við höfum góða reynslu af jólnum

Tendrað á jólatrénu á Thorsplani föstudag kl. 18.30

Tendrað á jólatrénu við Flensborgarhöfn laugardag kl. 15



Jólaborið í Hafnarfirði

FJARÐAR fréttir

Tilvalin jólagjöf fyrir fyrirtæki og einstaklinga

Gjafakörfur Ostahússins

Ostahúsið býður upp á fjölbreytt úrval af ostakörfum ásamt glæsilegum gjafaöskjum.

Ostakarfa 3490 kr.
 Nr. 1

Ostakarfa 4990 kr.
 Nr. 2

Ostakarfa 7750 kr.
 Nr. 3

Sælkerakarfa 10790 kr.
 Nr. 4

Gjafaaskja 4990 kr.
 Nr. 8

Matarakarfa 12950 kr.
 Nr. 5

Gjafaaskja 3490 kr.
 Nr. 6

Gjafaaskja 5390 kr.
 Nr. 7

Osta HÚSIÐ
 PEKING • REYNSLA • GÆÐI
 STOFNAÐ 1992

Upplýsingar og pantanir: www.ostahusid.is, og í síma 565 3940



Vandaður vinnufatnaður til sjós og lands sem þú getur treyst



Grunnlag-peysa
10.917.- kr. með vsk.
Grunnlag-buxur
10.780.- kr. með vsk.



Chelsea Evolution
grá hettupeysa
13.378.- kr. með vsk.



Chelsea Evolution
svört hettupeysa
13.378.- kr með vsk



Aker jakki/Primaloft
24.863.- kr. með vsk.



Chelsea jakki/skel
45.731.- kr. með vsk.



Allt fyrir sjávarútveginn - Mótorar - Legur - Gírar - Rör - Fittings - Slöngur - Fatnaður og allt hitt...



Athugaðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki



STEINHELLU 17A | 221 HAFNARF. | S. 522 6262

Pantanir og fyrirspurnir berist til reykjavik@brammer.biz

JÓLAPAKKAR

Carita snyrting

Caritu Jólaandlitsbað 8.900.-

Yndislegt dekur, yfirborðshreinsun, djúphreinsun, herðar, bringa, andlit og höfuð nuddað og maski sem valinn er fyrir hverja húðtegund.

Fótsnyrting 7.800.-

Byrjað er á fótabaði, fætur skrúbbaðar með kornkremi, neglur klipptar og þjalaðar til, þynn timer ef þess þarf. Naglabönd mykt og snyrt, raspað yfir harða húð og húðin mykt. Neglur lakkaðar. Endað er á djúpu og slakandi nuddi á fætur og fótleggi með djúpnærandi fótakremi.

Handsnyrting 7.500.-

Neglur þjalaðar og naglabönd snyrt, létt nudd og paraffínmaski.

Carita snyrting

www.carita.is

Dalshaun 11

Sími 555 4250



Kragelund stólar
K 406

BELLUS VISBY
Hornsófi



Klassísk gæða húsgögn á góðu verði



Sófasett
Borðstofuborð
Stólar
Skenkar/skápar
Hvíldarstólar
Kommóður/hillur
o.m.fl.



PIERUS
2ja og 3ja sæta sófar
fáanlegt í leði og tauáklæði.

KRAGELUND K371



GLOBL VIKTOR
Hvíldarstóll



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

H Ú S G A G N A V E R S L U N


SPIIL- OG PÚSLDAGAR

25% AFSLÁTTUR AF SPILUM OG PÚSLUM

30. nóv. – 6. des.



Í kapp upp á þak
Tilboðsverð 2.999 kr.
Verð áður 3.999 kr.



Minnispil
Tilboðsverð 2.249 kr.
Verð áður 2.999 kr.



Linko!
Tilboðsverð 1.499 kr.
Verð áður 1.999 kr.



Eftirlýstur
Tilboðsverð 2.249 kr.
Verð áður 2.999 kr.



Segðu sögu
Tilboðsverð 2.699 kr.
Verð áður 3.599 kr.



Púsluspil 200 bita
Tilboðsverð 1.499 kr.
Verð áður 1.999 kr.



Púslmotta
Tilboðsverð 2.999 kr.
Verð áður 3.999 kr.



Púsluspil 3x49 bita
Tilboðsverð 1.499 kr.
Verð áður 1.999 kr.



Farao
Tilboðsverð 3.749 kr.
Verð áður 4.999 kr.



Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.

Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](https://www.facebook.com/a4fondur) [Pinterest](https://www.pinterest.com/a4fondur) og [Instagram](https://www.instagram.com/a4verslanir)

A4

Farðu ekki
langt eftir
jólagjöfunum



FJARÐAR fréttir

bæjarblað Hafnfirðinga

Jólagjafahandbókin



Pú færð jólagjöfina hjá okkur!



UTHALD.IS

LLOYD BELCHER
1-1-3-2-1-5

Extra langur laugardagur 2. desember

Þar sem við bjóðum viðskiptavinum 40% afslátt á völdum vörum og frítt sokkpar v.2.1 frá Compressport fylgir ef keypt eru gleraugu frá RYDERS.

Einnig ef keyptar eru vörur fyrir 10.000.- eða meira.

*Komdu og skoðaðu vöruúrvalið
og gerðu góð kaup fyrir jólin.*

Flatahraun 31 • 220 Hafnarfjörður

**BÚINN AÐ PANTA
TÍMA Í JÓLABAÐIÐ?**



PRO PAC
ultimates

Gefum góða næring
Hugum að innihaldinu
Hágæðafóður fyrir hunda og ketti

pú færð jólagjöfina fyrir gæludýrið hjá okkur



Litla
GÆLUDÝRABÚÐIN

STRANDGÖTU 32 • HAFNARFIRÐI
S: 517 8666



Svíf þú inn í svefninn á springdýnu frá RB rúm




Ný sending af sælurúmum

Jóla-ilmurinn frá Mysenso



Jólailmurinn frá Crabtree & Evelyn



Opnunartími fram að jólum 9-18. Laugardaga 10-16. Sunnudaga 13-16.

RB RÚM

DALSHRAUNI 8 | HAFNARFIRÐI | SÍMI 555-0397
RBRUM@RBRUM.IS | WWW.RBRUM.IS

Stemning í miðbænum

Margar öflugar verslanir og heil verslunarmiðstöð

Fólkið skapar stemmningu og hana má finna þegar eitthvað er um að vera í miðbæ Hafnarfjarðar. Nú í upphafi adventu eru verslanir í bænum að komast í jólabúning og taka sérstaklega vel á móti viðskiptavinum.

Í miðbæ Hafnarfjarðar má finna fjölbreyttar verslanir, úra- og skartgripaverslanir, blómabúð, fjölmargar fataverslanir og sérverslanir eins og húsgagnaverslun og fleira.


A hrauninum má finna sportvörverslanir, útivistarverslun, skóara, matsölustaði og ýmsar sérverslanir og þjónustu.

Því ættu Hafnirfirðingar að geta keypt mikinn hluta af jólagjöfunum í bænum



Á Strandgötunni má finna fjölmargar verslanir m.a. Lilju Boutique

og eflt þannig verslun í næsta nágrenni við sig.



Verslunin Andrea er ein af vinsælli fataverslunum.



Nýform er komin í miðbæinn og húsgagnastillinn er að breytast.

Bókasafnið heillar

Kynstrin öll - jóladagskrá safnsins heillar



Fjölmenn var á upplestri fyrir börn í Bókasafni Hafnarfjarðar á þriðjudaginn þegar Ævar vísindamaður og Gunnar Helgason lásu úr bókum sínum. Ævar las úr bók sinni Pitt eigið ævintýri og Gunnar las úr bókinni Amma er best.

Krakkarnir hlýddu á af miklum spennings og ekki var laust við að fullorðna fólkið hefði líka gaman að.

Upplsturinn er liður í jóladagskrá Bókasafnsins, Kynstrin öll. Henni verður framhaldið í kvöld kl. 20 er Gerður Kristný, Einar Már Guðmundsson, Lilja Sigurðardóttir og Mikael Torfason lesa úr bókum sínum.

Kaffihúsastemning verður í samstarfi við Pallett kaffihúsið.



Jóla fjölskyldugleði eldri skáta í Hafnarfirði

Skátagildin í Hafnarfirði halda sína árlegu jóla fjölskyldugleði

í Skátalundi á sunnudaginn kl. 14



Eldri skátar velkomnir.

Heitt súkkulaði og rjómi .

Gestir leggja til á kaffihlaðborðið.

Enginn aðgangseyrir.

Jólasagan, jólasöngvar, dansað í kringum varðeld.

Jólasveinninn kemur af fjöllum.



Laddi tendrar ljósin á jólatrénu

Segir frá jólunum sem ungur drengur í Hafnarfirði

Jólaþorpið í Hafnarfirði verður opnað á föstudagskvöldið kl. 18 með fjölbreyttri dagskrá á Thorsplani þegar ljósin verða tendruð á jólatrénu. Í ár er það enginn annar en Laddi, Þórhallur Sigurðsson, sem mun segja frá jólunum sínum sem ungur drengur í Hafnarfirði, tendra ljósin á jólatrénu og telja í nokkur jólalög. Lúðrasveit Hafnarfjarðar og karlakórinn Prestir flytja jólalög og þá mun Jón Jónsson skemmta gestum.

Á laugardag verða „Syngjandi jól“ í Hafnarborg sem fyllist af söng og

hátíðaranda þegar fjölmargir kórar Hafnarfjarðar skipaðir söngfólki á öllum aldri koma saman.

Klukkan 14 syngur Kvennakór Hafnarfjarðar í jólaþorpinu og Jóhanna Guðrún og Davíð Sigurgeirsson syngja og skemmta gestum klukkan 14.30.

JÓLABALL Á SUNNUDAG

Á sunnudaginn þenur Sveinn Sigurjónsson nikkuna kl. 13.30 og Jólabjöllurnar syngja svo fallega jólatóna í framhaldi af því. Klukkan 14.30 stígur



Ljós: Guðni Gíslason

OPIÐ HÚS AÐ SUÐURGÖTU 14

(Gömlu Skattstofunni)

Næstkomandi föstudag 1. des. milli 15:00 - 17:00 gefst fólk kostur á að skoða húsið og kynnst starfsemi

Tónlist og léttar veitingar og allir velkomnir

Nánar á hafnarfjordur.is

585 5500
hafnarfjordur.is



svo Jónsi, Jón Jósep Snæbjörnsson á sviðið og flytur úrval jóladægurlaga og svo verður blásið í jólaball með þeim Skoppu og Skríttlu og ballerínun úr Listdansskóla Hafnarfjarðar.

Jólaþorpið verður opið alla laugardaga og sunnudaga á aðventunni frá kl. 12-17 og til kl. 22 á Þorláksmessu. Gestir Jólaþorpsins í ár geta gengið á milli tuttugu fagurlega skreyttra jólahúsa sem eru orðin landsþekktur söluvettvangur fyrir ýmiskonar gjafavöru, handverk og hönnun sem tilvalið er að setja í jólapakkann ásamt gömsætum veitingum og vörum til að taka með heim á veisluþorðið.

Jólasveinninn í Sívertsenhúsi.



Ljós: Guðni Gíslason

Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ auglýsir eftir karlmönnum

Karlar í skúrum

Stofnfundur verkefnisins Karlar í skúrum verður mánudaginn 4. desember næstkomandi kl. 17:00 að Strandgötu 24, efri hæð

Karlar í skúrum er opið fyrir alla karlmenn og gefur karlmönnum stað og stund til að hittast, spjalla og vinna að ýmsum sameiginlegum verkefnum sem þeir sjálfir ákveða. Rauði krossinn í Hafnarfirði og Garðabæ leitar að áhugasömum

karlmönnum til þess að hefja þetta verkefni á Íslandi.

Karlar í skúrum er verkefni sem byrjaði fyrir tæplega tuttugu árum í Ástralíu, undir nafninu *Men in Sheds*, og hefur síðan þá náð fótfestu í t.d. Danmörku,

Bandaríkjunum, Bretlandi og Írlandi. Allstaðar hefur þetta verkefni gengið einstaklega vel. Í dag eru til dæmis um 450 „skúrar“ bara á Írlandi.



Hafið samband við Hörð Sturluson í síma: 772-4994 og 565-1222

Getið líka sent tölvupóst á hordur@redcross.is eða mætt á fundinn. Kaffi og meðlæti í boði



Rauði krossinn
Hafnarfirði og Garðabæ

Aukum áhrif íbúa Hafnarfjarðar á sitt nærumhverfi!

SMÁUGLÝSINGAR

Þjónusta

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Í aðdraganda síðustu kosninga töluðu niðurverandi meirihlutflokkar hér í bænum mikið um aukna aðkomu bæjarbúa að ákvörðunum um sitt nærumhverfi, íbúalyðræði skyldi eft. Sáttmáli þeirra eftir kosningar, sem var grunnur að samstarfi Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar, kvað á um þetta en minna hefur verið um efndir síðustu þrjú ár en efni standa til.

Á meðan nágrannasveitafélög okkar eru á hraðferð í þessa átt þá situr þriðja stærsta sveitarfélag landsins hjá og aðhefst lítið í þessa veru. Í Kópavogi, þar sem ég hef starfað sem skólastjóri síðasta áratuginn, er mikill kraftur í verkefni sem nefnist Okkar Kópavogur og er samráðsverkefni íbúa og bæjarins um forgangsroðun og úthlutun fjármagns til smærri nýframkvæmda – og viðhaldsverkefna

í bænum. Í það verkefni fara ríflega 200 milljónir á yfirstandandi fjárhagsári.

Markmið slíks verkefnis er að hvetja íbúa til að taka þátt í málefnum sem varða nær-umhverfi þeirra. Íbúar leggja fram hugmyndir og útteila fjármagni í smærri framkvæmdir á vegum bæjarins með íbúakosningu.

Í Reykjavík hefur einnig unnið ótulllega að framkvæmd samþærilegs verkefnis á umliðnum árum og ber verkefnið þar heitið Hverfið mitt. Þar eru nýfstaðnar kosningar þar sem kosið var um framkvæmdir í hverfum borgarinnar og þar eru 450 milljónir til ráðstöfunnar.

Það er leitt til þess að hugsa að íbúar í Hafnarfirði hafi ekki möguleika á svipuðum áhrifum á sitt nærumhverfi í gegnum lýðræðisleg verkefni eins og þau sem nefnd eru hér að ofan og hafa komist í framkvæmd í nágranna-sveitarfélögum okkar. Aukið íbúalyð-

ræði ætti að vera okkur sem stórfum fyrir hag og velferð bæjarbúa hér í bæ ofarlega í huga.

Ég hef í gegnum veru mína í umhverfis- og framkvæmdaráði vakið máls á þessu og barist fyrir því að stígin verði raunveruleg og markviss skref í þessa átt. Undir sjónarmið mín hafa fulltrúar meirihlutans tekið en þar fylgir ekki hugur máli í fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 sem nú er til umfjöllunar í bæjarstjórn. Þar hafa verið settar 10 milljónir í eitthvað sem kallað er íbúapottur í áætluninni. Að ætla svo lága upphæð í svo þarft verkefni er hjóm eitt og betur heima setið en af stað farið þegar hugur fylgir ekki betur máli en raun ber vitni hjá meirihlutunum í Hafnarfirði.

Íbúar Hafnarfjarðar eiga það skilið að þeim sé treyst þegar kemur að ákvörðunum um nýframkvæmdir og viðhaldsverkefni í þeirra nærumhverfi.

Að því þarf að vinna með krafti, áráðni og af heilum hug!



Friðþjófur Helgi Karlsson

FJARÐAR fréttir

FRÉTTASKOT

Sendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
...eða notaðu formið á
www.fjardarfrettir.is



Smelltu á
LIKE

Jólaþorpið

FÖSTUDAGUR KL. 18-21

- 18.00 Lúðrasveit Hafnarfjarðar
- 18.15 Karlaðórinn Prestir
- 18.30 Laddi tendrar á jólatrénu
- 18.45 Brot af því besta sem verður í Bæjarbíói í desember

LAUGARDAGUR KL. 12-17

- 14.00 Kvennakór Hafnarfjarðar
- 14.30 Jóhanna Guðrún og Davíð
- 15.00 Risavaxinn jólasveinn á ferð

SUNNUDAGUR KL. 12-17

- 13.30 Sveinn Sigurjónsson leikur á harmóníkku
- 14.00 Jólaljöllurnar
- 14.30 Jónsi syngur jólalög
- 15.00 Jólalball



Vilja hraða uppbyggingu hjúkrunarrýma fyrir aldraða

Félag eldri borgara í Hafnarfirði og öldungaráð Hafnarfjarðar taka í ályktun undir framkomnar kröfur á stjórnmöld um að þau hraði sem mest uppbyggingu hjúkrunarrýma fyrir eldri borgara.

Þá benda þau jafnframt á að Hafnarfjarðabær hefur þegar sótt um fjölgun

fyrir allt að 33 rúmum á Sólvangi í Hafnarfirði sem enn bíður afgreiðslu stjórnvalda.


Ákall er því um að ráða bót á þörfinni sem allra fyrst til að mæta óásættanlegu ástandi í heilbrigðisþjónustu við sjúka eldri borgara landsins.



4 You – verslun fyrir konur

Ein af nýju verslunum í Firði

Arndís Helga Ólafsdóttir opnaði fyrir skömmu nýja verslun í verslunarmiðstöðinni Firði. „4 You er búð fyrir konur og við leggjum áherslu á persónulega og góða þjónusta. Ég er eigandinn og er hér alla daga að jafnaði,“ segir Arndís Helga. „Það sem er að seljast best er vörumerkið Kaffe sem er vinsælasta línan í dag. Þetta er



Líðem... Guðni Gleason



Arndís Helga Ólafsdóttir, eigandi 4 You

fatnaður sem við kaupum af birgja hér á landi en ég hef einnig verið að flytja inn vörur frá Manchester í Englandi.“ Annars segir hún vinsældir Kaffe vörumerkisins aukast sífellt og reynir hún að eiga eins gott úrval og hún getur hverju sinni og fær sendingar í hverri viku.

„Svo er ég með snyrtivörur frá Deismakup og Daríu, virkilega flottar vörur sem ég er stolt af að selja, segir Arndís Helga. Þarna má m.a. finna andlitsolíu sem er með 24 karata gulli sem er rosalega vinsæl. Svo það er vel þess virði að kíkja í heimsókn í 4 You í Firði.

ØLSTOFA

◆ HAFNARFJARÐAR ◆

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA

◆ HAFNARFJARÐAR ◆

Flatahrauni 5a
sími 578 0200

Kemst FH í riðlakeppnina?

Tapaði með 3 mörkum gegn sterku liði Tatran Prešov

FH tekur á móti Tatran Prešov í þriðju umferð bikarkeppni Evrópu karla í handbolta á laugardaginn í Kaplakrika kl. 14. Það er mikið í húfi fyrir FH-liðið. Fyrri leikur liðanna var í Slóvakíu á laugardaginn þar sem Tatran Prešov sigraði með 3 mörkum, 24-21 eftir að jafnt hafði verið í hálfleik 11-11 og jafnt var í stöðunni 20-20. FH þarf því að sigra með helst 4 mörkum til að komast áfram í riðlakeppnina en ekkert íslenskt lið hefur komist svo langt.

Meðal liða sem eru komin áfram í riðlakeppnina eru SC Magdeburg, Füchse Berlin, Ligi HF og franska liðið Saint Raphael sem bæði FH og Haukar hafa att kappi við en tapað.

Halldór Jóhann Sigfússon, hjálafari FH-inga sagðist í samtali við Fjarðarfréttir hafa verið ánægður með sína menn í Slóvakíu. Þeir hafi spilað mjög öfluga vörn og staðið sig gríðarlega vel gegn miklu mótlæti og segir vel hægt að fullyrða að liðið hafi orðið af 2-3 mörkum.


HVAÐ ER Í HÚFI?

„Það er mikið í húfi, sæti í þessari riðlakeppni sem ekkert íslenskt lið hefur áður komist í. Keppnin er reyndar frekar nýttkominn en í henni eru gríðarsterk lið og í raun 16 liða úrslitakeppni.“



Halldór Jóhann Sigfússon, hjálafari FH ætlar með liðið í riðlakeppnina

FH leikur í Kaplakrika kl. 14 á laugardag við Tatran Prešov



Einar Rafn Eidsson skoraði 8 mörk í fyrri leiknum gegn Tatran Prešov.

Halldór segir leikinn leggjast mjög vel í sig og telur liðið eiga góða möguleika á sigri á heimavelli með góðum stuðningi Hafnfirðinga. Segir hann mjög gaman að fá að leika á móti svona sterku liði og skorar hann á Hafnfirðinga að fjölmenna í Kaplakrika kl. 14 á laugardaginn. Segist hann vonast eftir álika stemmningu og í úrslitakeppni. Segir hann kjörið tækifæri að koma í Kaplakrika og bregða sér svo aftur í miðbæinn til að kaupa jólagjafir.

Sigri FH í einvíginu við Tatran Prešov kemst liðið í riðlakeppni þar sem keppt verður í fjórum riðlum. Þá má búast við stuðningi frá EHF og fjárhagslegur röður verði mun léttari en fyrir.

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

30. nóv. kl. 19.30, Austurberg
ÍR - Haukar, úrvalsdeild karla

2. des. kl. 14, Kaplakrika
FH - Tatran Prešov, EHF-keppni kk.

5. des. kl. 20, Ásvellir
Haukar - Gróttá, úrvalsdeild kvenna.

ÚRSLIT KARLA:

FH - Fram: (miðv.dag)
Valur - Haukar: 26-30
Tatran Prešov - FH: 24-21
FH - Stjarnan: 30-27

Körfubolti:

2. des. kl. 16.30, Hlíðarendi
Valur - Haukar, úrvald. kvenna

3. des. kl. 19.15, Ásgarður
Stjarnan - Haukar, úrvald. karla

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Snæfell: (miðv.dag)
Njarðvík - Haukar: 57-98
Stjarnan - Haukar: 76-75

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Njarðvík: 108-75
KR - Haukar: 66-81

Haukar á toppnum

Kvinnalið Hauka í körfubolta situr á toppi úrvalsdeilda eftir 9 leiki, hefur unnið 6 leiki og tapað 3 rétt eins og Valur og Skallagrímur.

Syngjandi jól

á laugardaginn

Flestir kórar bæjarins taka þátt í Syngjandi jólum, opnum tónleikum sem haldnir eru árlega í Hafnarborg.

Tónleikamir verða á laugardaginn og hefjast kl. 10.40. Aðgangur er ókeypis að tónleikunum og tilvalið að slaka á og hlýða á fallegan söng í aðdraganda jóllanna.

DAGSKRÁ

- 10.40 Leikskólinn Stekkjarás
- 11.00 Leikskólinn Hvammur
- 11.20 Leikskólinn Álfasteinn
- 11.40 Hraunvallaskóli (leikskóli)
- 12.00 Leikskólinn Smáralundur
- 12.40 Barna- og unglíngakór Hafnarfjarðarkirkju
- 13.00 Litli kór Öldutúnsskóla
- 13.20 Kór Öldutúnsskóla
- 13.40 Kór Lækjarskóla
- 14.00 Kvinnakórinn Rósir
- 14.20 Gaflarakórinn
- 14.40 Kvinnakór Hafnarfjarðar
- 15.00 Kammerkór Hafnarfjarðar
- 15.20 Hrafnistukórinn

Getum bætt við okkur nýjum viðskiptavinum

skattframtöl | ársreikningar | umsjón húsfélaga
bókhald | launaumsjón | virðisaukaskattsuppgjör

Bókhalds

STOFAN

BÆJARHRAUNI 10, HAFNARFIRÐI

Magnús Waage
viðurkenndur bókarí,
framkvæmdastjóri
GSM 863 2275

Bæjarhrauni 10
220 Hafnarfirði
Sími 565 2189
bokhaldsstofan.is



GEFÐU GJÖF SEM GLEÐUR!



Marmot húfur.
Verð frá 4.995,-



Jetboil Zip primus.
Verð 17.995,-



Black Diamond Trail Back göngustafir.
Verð 12.995,-



Silva Ranger S áttaviti.
Verð 6.995,-



Mikið úrval af hönskum og vettlingum
Marmot, Smartwool, Dakine og Black Diamond.
Verð frá 3.995,-



Smith skiðahjálmar í miklu úrvali!
Verð frá 9.995,-



Marmot Graviton 34 bakpoki.
Verð 28.995,-



Silva Pocket 10 sjónauki.
Verð 7.995,-



Marmot Featherless dömu úlpa.
Verð 29.995,-



Smith skiðagleraugu í miklu úrvali!
Verð frá 5.995,-



Dakine bakpoki með fartölvuhólf.
Verð: 9.995,-



Life System Trek sjúkrataska.
Verð: 3.995,-



Marmot Quasar Nova Hoodie herra úlpa.
Verð 49.995,-



Hálkugormar og keðjur
Verð frá 3.495,-



Mikið úrval vandaðra höfuðljósa.
Verð frá 3.995,-



Laken hitabrúsar.
Verð frá: 3.995,-



Light My Fire nestisbox.
Verð frá 3.995,-



Scarpa Mojito þægilegir og góðir götuskór.
Verð 19.995,-



Smartwool sokkar í miklu úrvali.
Verð frá 2.495,-

